



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

1. APR. 2019

Málsnr.: SFJ2019040003

Bréfalykill: 4.13

Reykjavík, 29. mars 2019
R19030297

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK**Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknmálskennslu í grunnskólum**

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediksdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.

Greinargerð:

Um 300 Íslendingar líta á táknmál sem sitt fyrsta mál. Hlutfallslega fáir tala táknmál og þar af leiðandi upplifir þessi hópur ákveðna félagslega einangrun. Í lögum um táknmál kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á því að stuðla að táknmálsnotkun og skilning þess. Ungmennaráð Breiðholts leggur til að Reykjavíkurborg bregðist við með því að sjá öllum nemendum í grunnskólum Reykjavíkur fyrir grunnfræðslu í táknmáli og þannig stuðlað að samfélagi sem er opið öllum.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.